

Lionsklúbbur Ólafsvíkur
Pósthólf 11
355 Ólafsvík

Reykjavík, 17. desember 2021
UST202111-210/Þ.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - minningarskjöldur við Skálasnagavita

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Lionsklúbbs Ólafsvíkur, dagsett 22. nóvember 2021 um leyfi til framkvæmda innan þjóðgarðsins Snæfellsjökull.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 935/2021. Óheimilt er að raska gróðri eða trufla dýralíf í þjóðgarðinum. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds. Hvers konar atvinnustarfsemi og samkomuhald er óheimil í þjóðgarðinum, nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 17. gr. reglugerðarinnar. Mannvirkjagerð, efnistaka og hverskonar annað jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18. gr. reglugerðarinnar.

Lýsing verkefnis:

Sótt eru um leyfi til uppsetningar á minningarskildi um sjómenn sem fórust með Svanborgu SH 404 haustið 2001 við Svörtuloft. Skjöldurinn yrði settur upp um það bil 20-30 metra frá Skálasnagavita. Skjöldurinn væri gerður úr ryðfríu stáli og í mesta lagi 0,5 fermetrar, ferkantaður og lengri hliðin ekki stærri en 70 cm. Á skildinum yrði mjög stuttur texti og nöfn sjómanna sem fórust. Skjöldurinn yrði festur á hraun með ryðfríum skrúfum, ein í hverju horni. Ráðgert er að uppsetning skjaldarins færi fram á næstu vikum og munu félagar í Lionsklúbbum vinna verkið í sjálfbóðaliðavinnu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Framkvæmd fer fram utan alfaraleiðar svo gestir verða ekki fyrir truflunum.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Lionsklúbbum Ólafsvík fyrir sitt leyti leyfi fyrir uppsetningu á minningarskildi innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í 6 mánuði frá dagsetningu leyfisins að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.

- Tilkynna skal til þjóðgarðsvarðar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Staðsetning, hönnun og festingar skjaldarinnis verði ákveðin í samráði við þjóðgarðsvörð.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald skjaldarins.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður